

Minnisblað fræðsluráðs

Samþykkt frístundaheimila – endurskoðun IIII

Í minnisblaði til fræðsluráðs er óskað eftir:

Breytingu í kaflanum þjónusta og starfsemi. 6 gr. *Frístundaheimili taka á móti börnum eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur um kl. 13. Á frídögum skóla í jólafríi, páskafríi og á starfsdögum kennara og foreldradögum stendur þjónusta frístundaheimilis til boða fyrir þau börn sem eru þegar skráð í frístundaheimilið fyrir utan hefðbundinn opnunartíma. Frístundaheimilin eru lokuð í vetrarfríum og alla rauða almanaksdaga. Á hverju ári hefur frístundaheimili heimild til að halda tvo starfsdaga fyrir starfsmenn.*

Breyting sem óskað er eftir að bætist við er í rauðum stöfum.

*Frístundaheimili taka á móti börnum eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur um kl. 13. Á frídögum skóla í jólafríi, páskafríi og á starfsdögum kennara og foreldradögum stendur þjónusta frístundaheimilis til boða fyrir þau börn sem eru þegar skráð í frístundaheimilið fyrir utan hefðbundinn opnunartíma. Frístundaheimilin eru lokuð í vetrarfríum, á **skólasetningardegi, skólaslitum** og alla rauða almanaksdaga. Á hverju ári hefur frístundaheimili heimild til að halda tvo starfsdaga fyrir starfsmenn.*

- Breytingin sem óskað er eftir er að lokað sé í frístundaheimilinu á skólasetningardegi og skólaslitum. Á þeim dögum er verið að setja skólalagd og slíta skólastarfi því er óskað er eftir það eigi einnig við um frístundaheimilin.
- Starfsemi þessa daga eigi ekki að vera í formi lengdar viðveru heldur sé tækifæri til að halda opið hús fyrir foreldra til að skoða frístundarheimilin á skólasetningu ásamt því að nýta morguninn í undirbúning á húsnæði. Á skólaslitum hafi starfsemin tækifæri að ganga frá og undirbúa húsnæði fyrir sumarnámskeið.



- Þegar börn hefja skólagöngu þá eiga þau að byrja á heilstæðum degi þar sem þau mæta í skóla og svo frístund eftir hádegi en ekki byrja skólaárið á hálfum degi í frístund. Eins þegar skólaslit eiga sér stað ætti frístund að vera einnig slitið því það er starf innan skólans og ætti það að haldast í hendur.
- Mikið álag hefur myndast á þessum tíma þar sem starfsemi frístundaheimila er að breytast úr vetrastarfi í sumarstarf og krefst það undirbúnings. Deildarstjórar lýsa miklu álagi.
- Frístundaheimilin hafa aðeins tvo starfsdaga til að ráðstöfunar og hefur starfsþróun, fræðsla og annað sem starfsdagar ættu að nýtast í farið í að undirbúning á húsnæði og umskipti breytingar á starfseminni þegar þarf að fara úr sumarstarfi í vetrastarf og öfugt.
- Mikilvægt er að starfsdagar í frístundaheimilunum séu nýttir í fræðslu og starfsþróun þar sem starfsfólk frístundaheimilanna stendur vaktina á yfir sumartímamann á sumarnámskeiðum og í lengdri viðveru yfir veturinn þegar skipulagsdagar í skólanum eru, meðan annað starfsfólk skóla sækir fræðslu og símenntun.
- Það er óskað eftir þessari breytingu fyrir hönd deildarstjóra tómstundamiðstöðvanna og skólastjóra taka einnig undir þessa ósk.

Stella Björg Kristinsdóttir fagstjóri frístundastarfs.